

## Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 13. apríl 2026 í máli nr. 48/2025

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lektor, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

### I

#### Aðild og kröfugerð

Þann 14. apríl 2025 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili krefst þess aðallega að varnaraðili endurgreiði sér 4.199,23 evrur en til vara að varnaraðili endurgreiði sér að hluta greidds kostnaðar, að álitum kærunefndarinnar.

### II

#### Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með bréfi, dags. 15. apríl 2025, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Varnaraðili lagði fram andsvör sín þann 2. maí 2025 og bárust athugasemdir sóknaraðila við andsvörunum þann sama dag.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda sóknaraðila, leigusamningur aðila og fylgiskjöl, reikningur vegna dráttarþjónustu, dags. 12. október 2024, reikningur varnaraðila, dags. 22. október 2024, staðfesting á greiðslu sóknaraðila, dags. 12. nóvember 2024, tjónaskýrsla/reikningur varnaraðila, dags. 1. janúar 2025, afrit af skriflegum samskiptum milli aðila, afrit af skriflegum samskiptum milli Neytendasamtakanna og varnaraðila, greiðslukvittun vegna kaupa [...] á bifreiðinni, dags. 7. febrúar 2025, myndbandsupptök úr leigubifreiðinni og skjáskot af Facebook færslu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, dags. 9. október 2024.

Með bréfi, dags. 10. nóvember 2025, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

### III

#### Málsatvik og ágreiningsefni

Af gögnum máls verður ráðið að sóknaraðili leigði bifreið af gerðinni [...] af varnaraðila, dagana 9. til 15. október 2024 og greiddi alls 98.000 krónur fyrir. Á meðan á leigutímanum stóð, eða þann 12. október 2024, missti sóknaraðili stjórn á bifreiðinni í hálfu og snjó og hafnaði bifreiðin utanveggar á ferðalagi hans um [...], nærri [...]. Sóknaraðili óskaði eftir vegaaðstoð þriðja aðila og greiddi 222.500 krónur í dráttarkostnað til viðkomandi. Útvegaði varnaraðili sóknaraðila aðra bifreið til umræða út leigutímabilið. Í kjölfarið krafðist varnaraðili greiðslu úr hendi sóknaraðila að fjárhæð 399.000 sem nam hámarki sjálfsábyrgðar sóknaraðila vegna tjóns samkvæmt leigusamningi aðila.

Sóknaraðili vísar til þess að þann dag sem umferðaróhappið hafi orðið hafi verið frost og snjólág á vegum. Hafi hann gætt varúðar við akstur bifreiðarinnar og

ekið henni hægt sökum þess en hins vegar misst stjórn á henni og endað utanvegar vegna lélegs veggrips dekkja hennar. Síðar hafi sóknaraðili komist að því að undir bifreiðinni voru sumardekk. Byggir sóknaraðili á því að atvikið megi rekja til ófullnægjandi dekkjabúnaðar á bifreiðinni miðað við íslenskt veðurfar á þessum árstíma sem varnaraðili beri ábyrgð á. Þá telur sóknaraðili að ef bifreiðin hefði verið útbúin heilsárs- eða vetrardekkjum hefði mátt koma í veg fyrir óhappið. Þrátt fyrir framangreint hafi það verið afstaða varnaraðila að sóknaraðili bæri ábyrgð á umþrættu tjóni á bifreiðinni. Þá vísar sóknaraðili til þess að varnaraðili hafi neitað að greiða dráttarkostnað bifreiðarinnar og krafði sóknaraðila auk þess um greiðslu sem numið hafi hámarks sjálfsábyrgð leigutaka á tjóni samkvæmt leigusamningi. Að sögn sóknaraðila hafi hann reitt af hendi 1.502,99 evrur vegna dráttarþjónustu þriðja aðila og sjálfsábyrgð sína á tjóni til varnaraðila að fjárhæð 2.696,24 evrur.

Sóknaraðili vísar til þess að hafa ekki haft vitneskju um ólíkt í veðurfar milli landshluta á Íslandi á þessum árstíma. Hafi hann treyst á að varnaraðili myndi leigja út bifreiðina í viðeigandi ástandi fyrir almenn ferðalög um allt landið. Þá hafi varnaraðili ekki óskað eftir upplýsingum um ferðaáætlun sóknaraðila þegar bifreiðin var afhent, með tilliti til viðeigandi dekkjabúnaðar.

Sóknaraðili telur sig ekki bera ábyrgð á umræddu tjóni á bifreiðinni og að varnaraðili eigi sjálfur að bera þá ábyrgð vegna vanbúnaðar hennar við útleiguna. Krefst sóknaraðili aðallega fullrar endurgreiðslu á öllum greiddum kostnaði vegna atviksins, alls að fjárhæð 4.199,23 evrur. Til vara krefst sóknaraðili þess að varnaraðili beri hluta kostnaðar vegna málsins, að áliti kærunefndarinnar.

Varnaraðili vísar til þess að sá árstími sem sóknaraðili leigði umrædda bifreið af varnaraðila sé erfiður hvað dekkjabúnað varði enda séu vegir sunnanlands yfirleitt auðir en vegir norðan- og austanlands á sama tíma stundum þaktir snjó eða háku. Almennt sé því mikilvægt að leigutaki upplýsi varnaraðila um ferðaáætlun sína þannig að unnt sé að finna besta mögulega dekkjaval leigubifreiðar í hvert sinn.

Varnaraðili ber því við að löglegt tímabil fyrir notkun nagladekkja frá 1. nóvember til 14. apríl hvert ár. Séu slík dekk því bönnuð frá 15. apríl til og með 31. október. Síðar sama dag og leigutímabil sóknaraðila byrjaði hafi lögreglan á höfuðborgarsvæðinu birt tilkynningu á samfélagsmiðlum sínum þess efnis að ekki yrði sektað fyrir notkun á negldum dekkjum vegna vetrarfærðar. Hefði varnaraðili því getað afhent sóknaraðila bifreið á negldum dekkjum ef hann hefði upplýst sig um ferðaáætlun sína um [...]. Þá vísar varnaraðili til þess að hin umþrætta leigubifreið hafi verið útbúin dekkjum sem uppfylli lágmarkskröfur fyrir akstur allt árið að því er varði mynstursdýpt dekkja, eða 7 mm. Loks bendir varnaraðili á ákvæði 2. mgr. og 3. mgr. 69. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 máli sínu til stuðnings. Í 2. mgr. sé tiltekið að eigandi (umráðamaður) beri ábyrgð á að ökutæki sé í lögmæltu ástandi skv. 1. mgr. og í samræmi við þær reglur sem ráðherra setur á grundvelli 4. mgr. Þá sé m.a. kveðið á um í 3. mgr. lagaákvæðisins að ökumaður skuli gæta þess að ökutæki sé í góðu ástandi.

#### IV

#### Lagaumhverfi

Varnaraðili starfar samkvæmt lögum nr. 65/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja. Í 6. mgr. 6. gr. laganna segir að ökutækjaleiga skuli í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Gæta skuli þess að skráningarskyld ökutæki til útleigu, hvort sem er skoðunarskyld ökutæki eða ekki, séu ætíð í góðu ásigkomulagi, hljóti gott viðhald og eftirlit og fullnægi kröfum sem gerðar eru um

þau í lögum eða reglugerðum. Einnig skuli gæta að því að ökutæki séu í ásigkomulagi sem tekur mið af árstíma og færð.

Í 16. gr. reglugerðar nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja er fjallað um hjól og búnað hjóla. Í 6. lið ákvæðis 16.02 kemur fram að keðjur og neglda hjólbarða megi ekki nota á tímabilinu frá og með 15. apríl til og með 31. október nema þess sé þörf vegna akstursaðstæðna.

## V

### Niðurstaða

Sóknaraðili leigði bifreið varnaraðila af gerðinni [...] frá 9. til 15. október 2024. Sóknaraðili greiddi varnaraðila 98.000 krónur fyrir. Á ferðalagi sóknaraðila um [...], nærri [...], þann 12. október 2024, hafnaði bifreiðin utan vegar og tjónaðist mikið. Sóknaraðili óskaði eftir vegaaðstoð þriðja aðila við að draga bifreiðina og greiddi sóknaraðili alls 222.500 krónur vegna þjónustunnar. Útvegaði varnaraðili síðan sóknaraðila aðra bifreið til umráða út leigutímabilið. Síðar var [...] bifreiðin metin ónýtt af váttryggingarfélagi varnaraðila og fékkst hún að fullu bætt úr kaskótryggingu, að undanskilinni eigin áhættu varnaraðila samkvæmt þeirri tryggingu að fjárhæð 288.300 krónur. Á grundvelli skilmála leigusamnings aðila krafði varnaraðili sóknaraðila um fjárhæð sem nam hámarks sjálfsábyrgð leigutaka, alls 399.000 krónur og rökstuddi varnaraðila kröfu sína á þann veg að hann teldi sig eiga rétt á bótum frá sóknaraðila sem nemi eigin áhættu hans vegna atviksins að fjárhæð 288.000 krónur sem og vegna taps á leigugreiðslum í 10 daga vegna missis bifreiðarinnar að fjárhæð 139.970 krónur. Greiddi sóknaraðili umkrafaða fjárhæð 12. nóvember 2024. Í máli þessu krefst sóknaraðili endurgreiðslu umræddrar fjárhæðar, að fullu eða að hluta, þar sem hann telur að atvikið sé á ábyrgð varnaraðila sökum vanbúnaðar bifreiðarinnar. Þá krefst sóknaraðili þess að varnaraðili greiði honum dráttarkostnað þriðja aðila vegna óhappsins.

Kröfugerð sóknaraðila sundurliðast í kvörtun hans þannig að hann krefst endurgreiðslu 2.696,24 evrur vegna viðgerðarkostnaðar og 1.502,99 evrur vegna dráttarkostnaðar. Alls nemur krafa sóknaraðila á hendur varnaraðila 4.199,23 evrum. Með vísan til þess að reikningur vegna leigugjalds, dráttarþjónustu sem og uppgjör vegna hinnar tjónuðu bifreiðar eru tilgreind í íslenskum krónum verður niðurstaða kæruneftdarinnar ákveðin í þeim gjaldmiðli.

Óumdeilt er að tjón varð á bifreiðinni þegar sóknaraðili var með hana á leigu en aðila máls greinir á um orsakir tjónsins og hvor þeirra beri ábyrgð á því. Í hefðbundnum leigusamningum er meginreglan sú að leigusali ber áhættuna af því að leiguandlagið spillist af tilviljun á leigutímanum. Ef tjón á hinu leigða má rekja til saknæmrar háttsemi aðila er meginreglan sú að hvor aðila um sig ber ábyrgð á því tjóni sem viðkomandi hefur valdið. Til þess að krefjast skaðabóta frá sóknaraðila vegna tjónsins ber varnaraðila samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins að sýna fram á fjárhagslegt tjón og að sóknaraðili beri ábyrgð á því tjóni með saknæmum og ólögumætum hætti auk þess sem orsakatengsl séu á milli tjónsins og hinnar saknæmu háttsemi.

Í málinu liggur fyrir að váttryggingarfélag varnaraðila hefur metið bifreiðina ónýta og bætt varnaraðila tjón sitt með kaupum á bifreiðinni að undanskilinni eigin áhættu varnaraðila að fjárhæð 288.300 krónur. Má því líta svo á að varnaraðili hafi sýnt fram á það sé raunverulegt fjárhagslegt tjón hans vegna atviksins. Krafa varnaraðila á hendur sóknaraðila um greiðslu tjóns vegna taps á leigugreiðslum að

fjárhæð 139.970 krónur er ekki studd neinum gögnum og hefur kærunefndin því engar forsendur til að taka afstöðu til þeirrar kröfu.

Við leigu varnaraðila á bifreiðinni á þessum árstíma mátti honum vera ljóst að vetrarfærð gæti orðið í október. Ákvæði reglugerðar nr. 822/2004, sem fjalla um það tímabil sem heimilt er að vera á negldum hjólbörðum, er til viðmiðunar og samkvæmt henni er leyfilegt að aka bifreið á slíkum dekkjum ef akstursaðstæður krefjast þess. Var því rík ástæða fyrir varnaraðila að huga vel að ásigkomulagi bifreiðarinnar til aksturs á þessum árstíma. Að mati kærunefndarinnar er almennt ekki hægt að skylda neytanda til að upplýsa bílaleigu um ferðaplön sín nema fyrirtækið hafi frumkvæði af því að óska eftir slíkum upplýsingum. Í ljósi framangreinds er fallist á það með sóknaraðila að varnaraðili hafi ekki fullnægt þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt 6. mgr. 6. gr. laga nr. 65/2015. Hins vegar verður ráðið af framlagðri ljósmynd sem fylgdi með leigusamningi aðila að sóknaraðila voru veittar þær upplýsingar við afhendingu bifreiðarinnar að hún væri útbúin sumardekkjum. Hvorki verður séð að sóknaraðili hafi gert athugasemdir við það né upplýst varnaraðila af því tilefni um þá fyrirætlan sína að aka bifreiðinni út á land. Undir rekstri málsins lagði varnaraðili fram myndbandsupptökur úr hinni leigðu bifreið sem varpar ljósi á akstur sóknaraðila. Af þeim verður ráðið að sóknaraðili hefði getað sýnt meiri aðgæslu við akstur bifreiðarinnar enda virðast aðstæður á staðnum hafa verið krefjandi sökum snjóþyngsla. Þá verður að telja að sóknaraðili hefði getað tekið þá ákvörðun að hætta akstri bifreiðarinnar fyrst færðin var svo slæm er raun bar vitni og óskað eftir afhendingu annarrar bifreiðar frá varnaraðila. Það gerði sóknaraðila hins vegar ekki.

Með hliðsjón af öllu framansögðu þykir rétt að hvor málsaðili beri ábyrgð á umþrættu tjóni að hluta til. Telur kærunefndin að sóknaraðili skuli bera 75% tjónsins og varnaraðili 25% þess. Ber varnaraðila því að endurgreiða sóknaraðila fjórðung greidds dráttarkostnaðar bifreiðarinnar eða 55.625 krónur. Þá skal varnaraðili að endurgreiða sóknaraðila 72.000 krónur sem nemur fjórðungi sjálfsábyrgðar varnaraðila samkvæmt skilmálum váttryggingar bifreiðarinnar. Loks ber varnaraðila að endurgreiða sóknaraðila 111.000 krónur sem nemur mismuni fyrrnefndrar sjálfsábyrgðar váttryggingar varnaraðila og umkrafinnar fjárhæðar sjálfsábyrgðar sóknaraðila samkvæmt leigusamningi aðila. Alls ber varnaraðila að endurgreiða sóknaraðila 238.625 krónur.

**VI**  
**Úrskurðarorð**

Varnaraðila, Y, ber að greiða sóknaraðila, X, 238.625 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða gjald vegna kostnaðar nefndarinnar af meðferð málsins að fjárhæð 15.000 krónur, sbr. 4. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

---

Hildur Ýr Viðarsdóttir  
formaður

---

Ívar Halldórsson

---

Jón Rúnar Pálsson